

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 21. nóvember 2017 samþykkt tvær deiliskipulagsbreytingar:

Breyting á deiliskipulagi Höepfnarsbryggju.

Breytingin nær til svæðis fyrir siglingaklúbbinn Nökkva og felur m.a. í sér stækkun á byggingarreit fyrir klúbbhús og stækkun á lóð að göngustíg meðfram Drottningarbraut. Nýtingarhlutfall lóðarinnar lækkar úr 0,15 í 0,118.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi hafnarsvæða sunnan Glerár.

Breytingin felur í sér að á lóð Sjávargötu 4 er heimilt að hækka núverandi verksmiðjuhús úr 14,5 m í 17,0 m.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarkaupstaðar, 22. nóvember 2017,

Anna Bragadóttir, verkefnastjóri skipulagsmála.